

# GJALDSKRÁ

## HS Veitna hf. fyrir heitt vatn.

### I. KAFLI

#### 1. gr.

HS Veitur hf. selja afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

#### 2. gr.

HS Veitur hf. láta hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að mati HS Veitna hf.

Vatnsrennsli að húsinu verður mælt með þar til gerðum magnmælum eða af sérstökum ástæðum, að mati HS Veitna hf., takmarkað með magnhemli.

### II. KAFLI

#### 3. gr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal húseigandi á Suðurnesjum greiða samkvæmt magnmæli:

	án vsk	m. 11% vsk	m. 24% vsk	
Til húshitunar (80°C frá dælustöð)	163,87	181,90		kr./m <sup>3</sup>
Til húshitunar (90°C frá dælustöð)	180,27	200,10		kr./m <sup>3</sup>
Til annarra nota	163,87		203,20	kr./m <sup>3</sup>
Til iðnaðar*	139,28		172,71	kr./m <sup>3</sup>

\* sem verulegur hluti framleiðslukostnaðar

Ef ekki er talið hægt að innheimta eftir magnmæli skal greiða samkvæmt magnhemli:

	án vsk	m. 11% vsk	
Húshitun l/m á ári (80°C frá dælustöð)	58.377,00	64.798,00	kr.
Húshitun l/m á dag (80°C frá dælustöð)	159,94	177,53	kr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal húseigandi í Vestmannaeyjum greiða samkvæmt magnmæli:

	án vsk	m. 11% vsk	
Til íbúða húshitunar			
VM1 m <sup>3</sup>	424,37	454,79	kr./m <sup>3</sup>
VM2 m <sup>3</sup>	105,95	113,52	kr./m <sup>3</sup>
VM2 kWh	7,11	7,62	kr./kWh

Orkustofnun hefur umsjón með niðurgreiðslum, sjá nánar á vef Orkustofnunar: [www.os.is](http://www.os.is).

	án vsk	m. 11% vsk	
Til húshitunar annars en íbúða			
VM3 m <sup>3</sup>	399,01	442,90	kr./m <sup>3</sup>
VM4 m <sup>3</sup>	99,16	110,07	kr./m <sup>3</sup>
VM4 kWh	6,62	7,35	kr./kWh

#### 4. gr.

Fastagjald fer eftir stærð mælis/hemils og skal greitt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og er fyrir hverja veitu sem hér segir á Suðurnesjum:

	án vsk	m. 11% vsk	m. 24% vsk	
Mælir eða hemill allt að 20 mm	10.923,00	12.125,00	13.545,00	kr./ár
Mælir eða hemill allt að 20 mm	29,93	33,22	37,11	kr./dag
Mælir allt að 25-50 mm	21.888,00	24.296,00	27.141,00	kr./ár
Mælir allt að 25-50 mm	59,97	66,56	74,36	kr./dag
Mælir 65 mm og stærri	43.733,00	48.543,63	54.229,00	kr./ár
Mælir 65 mm og stærri	119,82	133,00	148,57	kr./dag

Fastagjald fer eftir stærð mælis og skal greitt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og er fyrir hverja veitu sem hér segir í Vestmannaeyjum:

Flokkur og stærð mæla	án vsk	m. 11% vsk	
MV1 Fyrir mæla 20 mm og minni	34.526,00	38.324,00	kr./ár
MV1 Fyrir mæla 20 mm og minni	94,59	105,00	kr./dag
MV2 Fyrir mæla 25-50 mm	68.793,00	76.360,00	kr./ár
MV2 Fyrir mæla 25-50 mm	188,47	209,21	kr./dag
MV3 Fyrir mæla 65 mm og stærri	137.901,00	153.070,00	kr./ár
MV3 Fyrir mæla 65 mm og stærri	377,81	419,37	kr./dag

#### 5. gr.

Hitaveitugjalda skv. 3. og 4. gr. má krefjast mánaðarlega. Gjaldþagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem HS Veitur hf. ákveða. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 15 daga frá gjaldþaga.

#### 6. gr.

Heimæðargjald skal greitt fyrir hverja heimæð er tengir hús við veitukerfi HS Veitna hf. Heimæðargjald skal greitt þegar lagningu heimæðar er lokið.

Heimæðargjald skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

	án vsk	m. 11% vsk	
DN 20 mm heimæð	367.113	407.495	kr.
DN 25 mm heimæð	484.352	537.631	kr.
DN 32 mm heimæð	615.801	683.539	kr.
DN 40 mm heimæð	698.698	775.555	kr.
DN 50 mm heimæð	1.598.717	1.774.576	kr.
Bráðabirgðatenging, t.d. vinnuskúrar	41.449	46.008	kr.

Kostnaðarverð stærri heimæða en 50 mm er reiknað sérstaklega fyrir hvert tilvik.

2% yfirlengdargjald er tekið fyrir hvern metra umfram 50 metra (20 metra innan lóðamarka).

Ein tengigrind er innifalin í hverju heimæðargjaldi. Fyrir hverju aukatengigrind greiðst 10% af heimæðargjaldi viðkomandi málstærðar en fyrir heimæðar 50 mm og stærri er kostnaðarverð reiknað sérstaklega fyrir hvert tilvik.

	án vsk	m. 24% vsk	
Púlsmerki frá mæli	22.243	27.581	kr.
Ídráttarrör fyrir rafmagnsheimtaug og fjarskipti	38.862	48.189	kr.

### III. KAFLI

#### 7. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

#### 8. gr.

HS Veitur hf. hafa rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með minnst 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur hverju sinni.

	án vsk	m. 24% vsk	
Opnunargjald	8.550	10.602	kr.

#### 9. gr.

Eftirlitsmanni HS Veitna hf. skal hvenær sem er frjálts aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir-

mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

10. gr.

Virðisaukaskattur, 11%, bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á sölu vatns og heimæða til annars en húshitunar og opnunargjald þar sem virðisaukaskatturinn er 24%.

Í gjaldskránni er ekki tekið tillit til 2% orkusatts á smásöluverð.

#### IV. KAFLI

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn HS Veitna hf. staðfestist hér með samkvæmt orkulögum, nr. 58/1967, til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 825/2023.

*Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 30. ágúst 2023.*

F. h. r.

**Ólafur Darri Andrasón.**

*Hreinn Hrafnkelsson.*